



Leiðbeiningar vegna Covid-19 – Ítarefni 13. nóv. 2021

7. & 8. flokkur - Fjölliðamót

Hólfaskipting

Allt að þrjú mjúkboltavellir teljast sem eitt sóttvarnarhólf. Hvert sóttvarnarhólf skal hafa séringgang og salernisaðstöðu. Loka þarf fyrir gönguleiðir yfir á aðra keppnisvelli/hólf þannig að samgangur sé ekki mögulegur.

Riðill skal spilaður í einu sóttvarnarhólfi og kláraður áður en næsti riðill hefst.

Listi yfir starfsmenn á svæðum (hámark 50)

48 leikmenn/starfsmenn liða - 2 umsjónarmaður mótshaldara

6 liði í riðli,

7 leikmenn í liði og 1 starfsm.

eða

6 leikmenn í liði og 2 starfsm.

5 lið í riðli,

8 leikmenn í liði og 1 starfsm.

eða

7 leikmenn í liði og 2 starfsm.

Riðlaskipting:

6 lið í riðli – 4 - 5 leikir á lið

5 lið í riðli – 4 leikir á lið

ATH. STRANGLEGA ER BANNAD AÐ FARA Á MILLI KEPPNISSVÆÐA, HVORT SEM UM RÆÐIR STARFSMENN, LEIKMENN EÐA ÞJÁLFAFA!

Viðvera

Liðin mæti ekki meira en 10 mínútum fyrir fyrsta leik og yfirgefa íþróttahúsið strax eftir seinasta leik.

Sóttvarnir - Þrif

Þegar hverjum riðli er lokið skal sótthreinsa alla snertifleti (huga sérstaklega að hurðarhúnum, varamannabekkjum). Við alla innganga skal tryggja aðgang að sótthreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á. Hvatt er til góðs samráðs við umsjónarmenn íþróttamannvirkja um umgengni og þrif mannvirkja.

Mikilvægt er að mótin séu skipulögð þannig að gefinn sé tími í þrif áður en keppni í næsta riðli hefst.

Skráning/rakning

Starfsmenn liða skulu skila nafnalista í tölvupósti til mótshaldara daginn áður en mótið hefst. Þar skulu koma fram nöfn og kennitölur leikmanna og nöfn og símanúmer forráðamanna þeirra sem mæta á mótið. Auk þess skal vera nafn og símanúmer starfsmanns liðsins.

Lið sem ekki hafa skilað inn nafnalista geta ekki hafið leik í mótinu.

Mótahaldarar skulu einnig halda lista yfir alla starfsmenn mótsins og við hvaða riðla þeir hafa starfað.

Búningsklefar

Búningsklefar eru ekki í notkun á 7. - 8. fl. mótum, athugið sérstaklega að leikmenn og starfsmenn í hverju hólfi hafi aðgang að salernisaðstöðu.

Veitingasala

Mótshaldarar ættu ekki að útvega veitingar fyrir starfsfólk, keppendur eða aðra þátttakendur. Allar veitingar sem einstaklingar taka með sér ættu að vera í lokuðum umbúðum. Óheimilt er að deila drykkjarlátum eða mataráhöldum með öðrum einstaklingum. Vatnsbrúsar og önnur drykkjarlát eiga að vera merkt. **VEITINGASALA ER EKKI LEYFÐ!**

VERÐLAUN/GJAFIR SKULU AFHENTAR UMSJÓNARMANNI LIÐS SEM KEMUR ÞEIM TIL SKILA Á ÆFINGU.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

